

Upplýsingar um hóp bifreiðir: Afgreiðsluferli hóp bifreiðateikninga

Teikningin skal vera málsett í SI-einingarkerfinu (m,kg,W,°C) og mælikvarðanum **1:20** eða **1:25** bæði í hliðar- og ofanvarpi.

Hún skal sýna eftirfarandi mál:

1. Lengd, breidd og hjólhaf bifreiðarinnar.

2. Skipan farþegasvæðis:

- *Staðsetning sæta.*
- *Breidd, dýpt og mestu hæð setu yfir gólf.*
- *Minnsta bil á milli sæta frá sætisbaki að bakhlið næsta sætis fyrir framan á miðju sæti í hæðinni frá hæsta punkti setu upp í 620 mm hæð yfir gólf.*
- *Frjáls hæð yfir hæsta punkti álagslausrar setu.*
- *Breidd og hæð gangs.*
- *Staðsetning og flatarmál stæða (ef einhver eru) í m²*

3. Stærð og staðsetningu farangursgeymsla (ef geymslur eru til staðar):

- *Stærð hvernar geymslu í rúmmetrum, m³, og staðsetningu.*
- *Flatarmál í fermetrum, m², og staðsetningu fyrir farangur á þaki ef gert er ráð fyrir því.*

4. Fyrirkomulag og stærð útganga:

- *Fjöldi dýra, staðsetning og mál þeirra.*
- *Staðsetning og mál annarra útganga t.d. neyðarglugga og neyðarlúga.*